

Föstudaginn 21. nóvember 1997.

Nr. 474/1997. **Lögreglustjórinn í Reykjavík**  
(enginn)  
gegn  
**Brynjólfi Jónssyni**  
(enginn)

Kærumál. Gæsluvarðhald, a-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 19. nóvember 1997. Kærumálgögn bárust réttinum 20. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 19. nóvember 1997, þar sem varnaraðila var gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 28. sama mánaðar kl. 16.00. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Fyrir Hæstarétti hefur varnaraðili engar kröfur gert, en ætla verður, að hann kæri í því skyni, að úrskurður héraðsdóms verði felldur úr gildi.

Sóknaraðili lætur málið ekki til sín taka fyrir Hæstarétti.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

### **D ó m s o r ð:**

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

### **Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 19. nóvember 1997.**

Ár 1997, miðvikudaginn 19. nóvember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Ingvaldi Einarsdóttur dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík hefur krafist þess, að Brynjólfi Jónssyni, kt. 260766-3419, með lögheimili að Jöklafold 1, Reykjavík, en dvalarstað að Miklubraut 1, Reykjavík, verði með vísan til a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 28. nóvember nk. kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn 217., 218., 231., 244. og 252. gr. almennra hegningarlaga.

---

Eins og að framan greinir, hefur kærði haldið fram sakleysi sínu, en með hliðsjón af gögnum málsins þykir fram vera kominn rökstuddur grunur um, að kærði hafi framið verknað, sem fangelsisrefsing er lögð við skv. ákvæðum 217., 218., 231., 244. og 252. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þar sem rannsókn málsins er á frumstigi, ber að fallast á kröfu lögreglustjórans í Reykjavík með vísan til a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga um meðferð opinberra mála.

#### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Brynjólfur Jónsson, sæti gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 28. nóvember 1997 kl. 16.00.

---